

## Framtíðarsýn og stefnumið

### Framtíðarsýn



Framtíðarsýn, sem sett er fram hér, byggir á því hvernig við sjáum bestu mögulegu framtíð borgarinnar og tekur mið af því sem átt hefur sér stað, stöðunni í dag og og horfum til framtíðar. Framtíðarsýn fyrir þróun borgarinnar:

**Að Reykjavík sé öflug og gróskumikil höfuðborg landsmanna allra og forystuafli á sviði þekkingar og alþjóðavæðingar þar sem hugtökin framsækni og sjálfbær þróun standa vörð um verðmætasköpun er byggir á íslenskum grunni og skilar viðunandi búi til komandi kynslóða.**

Leiðarljós framtíðarsýnar og markmiða, sem hér koma á eftir, er að styrkja Reykjavík sem höfuðborg í sátt við landsmenn alla, að vera sú brimvörn sem landið þarf til þess að standa sig í heimi alþjóðavæðingar, og að reyna að koma til móts við þarfir íbúa borgarinnar svo að umhverfi þeirra sé búið gæðum án þess að ganga á möguleika afkomendanna að eiga slíkt hið sama.

### Stefnumið og stoðir aðalskipulagsins

Stefnumiðið segir til um hverju Reykjavíkurborg vill ná fram í þróun borgarinnar:



**Að Reykjavík styrki hlutverk sitt sem höfuðborg og sem alþjóðleg, vistvæn borg á íslenskum grunni þar sem hlúð er að nýjum og hefðbundnum atvinnuvegum og umhverfi borgarbúa með sjálfbæra þróun, hagkvæmni og gæði byggðar að leiðarljósi.**


Með aðalskipulagi er settur rammi um vöxt og þróun byggðar í Reykjavík. Aðalskipulag á að veita borginni möguleika á að rækja hlutverk sitt sem höfuðborg landsins og að geta undirbúið sig og staðist vaxandi alþjóðlega samkeppni milli borga og borgarsvæða um fjármagn, fyrirtæki og vinnuafli. Það þarf því að búa í haginn fyrir nýjar atvinnugreinar um leið og hefðbundnum greinum er skapað vaxtarými. Fyrst og fremst er borgin þó borg íbúanna sem þar búa og eiga sitt lífsviðurværi. Í aðalskipulagi þarf því að huga að gæðum byggðar með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Stefnumið eru sett fram undir þremur stoðum:


### Höfuðborg

#### Alþjóðleg borg

#### Vistvæn borg



Stoðir og markmið aðalskipulagsins fara saman og þær þannig tengdar markmiðum um byggðapróun, landnotkun og samgöngur eins og þau koma fram í greinargerð og á þéttbýlisupprætti. Markmið mismunandi stöða skarast. Stefnur um alþjóðlega borg og vistvæna borg fela til dæmis báðar í sér þéttingu byggðar, þéttleika byggðar og að leggja áherslu á náttúrukosti borgarinnar og stefna um höfuðborg og alþjóðlega borg að efla miðborgina og skapa borgarumhverfi sem er samkeppnisfært við aðrar borgir.




### Hvers vegna höfuðborg?

Hvert land á sér sína höfuðborg sem er samnefni fyrir alla landsmenn. Sterk og lífvænleg höfuðborg í heimi örra breytinga er Íslandi nauðsynleg bæði sem ímynd inn og út á við og sem stuðningur við landsmenn alla. Höfuðborgin er sterkasta vopn Íslands í alþjóðlegri samkeppni sem á að nýta þannig að það komi landinu öllu til góða. Hlutverk Reykjavíkur er að vera höfuðborg.

#### Markmið:

Að Reykjavík verði eflid sem miðstöð stjórnsýslu, viðskipta- og atvinnulífs og menningar.



### Hvers vegna alþjóðleg borg?

Sem eina borg landsins gegnir Reykjavík lykilhutverki fyrir Ísland í alþjóðasamfélaginu. Í aðalskipulagi er markmiðinu náð með því með því að stöðja við nýjar atvinnugreinar jafnt sem hefðbundnar, efla miðborgina, þetta byggðina og endurskipuleggja eldri iðnaðarsvæði á Nesinu fyrir skrifstofur og íbúðir, efla almenningsamgöngur og byggja upp ný atvinnu- og íbúðarsvæði í Vatnsmýri. Þetta eru lykilatriði í þróun Reykjavíkur sem alþjóðlegar borgar. Auk þessa þarf borgarumhverfið að vera samkvæmt alþjóðlegum stöðlum þar sem jöfnum höndum er lögð áhersla á menningarlega sérstöðu og náttúrukosti borgar. Aukin gæði byggðarinnar eru frumforsenda þess að Reykjavík standi sig í samkeppni um að laða til sín fyrirtæki, vinnuafli, ferðamenn og alþjóðlega viðburði og geti með því talist alþjóðleg borg. Engin borg getur talist alþjóðleg án þess að hafa einkenni sem skapa henni sérstöðu meðal annarra borga. Sérkenni Reykjavíkur eru meðal annars lega hennar við hafið og nálægð við náttúru og möguleikar á fjölbreyttri útivist. Því er í aðalskipulagi, eftir því sem hægt er, lögð áhersla á að styrkja þessi sérkenni Reykjavíkur.

#### Markmið:

Að Reykjavík verði eflid sem útvörður Íslands í vaxandi alþjóðlegri samkeppni borga um fyrirtæki, vinnuafli og ferðamenn.

### Hvers vegna vistvæn borg?

Aðalskipulag Reykjavíkur byggir á hugmyndafræði um sjálfbæra þróun. Í þessu felst að byggðin og umhverfið fullnægi kröfum nútímans og auki lífsgæði borgarbúa án þess að skerða möguleika komandi kynslóða. Sjálfbær þróun nær til allra þátta í skipulagi borgarinnar og hefur áhrif á lífsgæði borgarbúa og mannlíf. Markmið um vistvæna borg lúta að megináherslum um sjálfbæra þróun byggðarinnar eins og að byggðarþróun og byggðamynstur miði að því að auka blöndun og þéttingu íbúða- og atvinnusvæða borgarinnar, stuðli að skipulagningu á fjölbreyttum íbúðarhverfum, að lögð sé áhersla á vistvæna samgöngumáta og viðhald og verndun náttúrusvæða. Framtíðarsýnin er að Reykjavík verði vistvæn höfuðborg norðursins.

#### Markmið:

Að skipulag byggðar og umhverfis stuðli að sjálfbærri þróun þar sem bætt lífsgæði borgarbúa og fjölbreytt mannlíf eru í fyrirrúmi í sátt við land og lífríki.

